

MOLTU- KASSAR



Nýtið lífrænt efni sem til fellur í garðinum til jarðgerðar. Með því að búa til eigin moltu og nýta til ræktunar má spara sér innkaup á tilbúnum áburði.



HREINSIÐ UPP
EFTIR HUNDANA YKKAR

SELTIRNINGAR

- VIÐ LEITUM EFTIR ÁLITI ÞÍNU

Umhverfisnefnd hefur í fjölda ára veitt viðurkenningar fyrir fagra garða, snyrtilegan frágang lóða, eldri uppgerð hús, götur og opin svæði. Einnig hafa verið veittar viðurkenningar fyrir fögur tré. Allar ábendingar eru vel þegnar og þeir bæjarbúar sem vilja koma ábendingum á framfæri er bent á að senda póst á netfangið postur@seltjarnarnes.is eða hafa samband við þjónustuver bæjarins í síma 595 9100 fyrir 23. júní 2017.

Með kveðju og þökk,
umhverfisnefnd Seltjarnarness



VORHREINSUN

2017


6.-7. MAÍ

SELTJARNARNESBÆR
HVETUR BÆJARBÚA
TIL AÐ HREINSA LOÐIR
SÍNAR OG PANNIG
STUÐLA AÐ
SNYRTILEGUM
OG HREINUM BÆ

MINNKUM PLASTNOTKUN



Takið fjölnota innkaupapoka með ykkur í búðina og sleppið notkun plastpoka



GRÓÐUR Á LÓÐUM OG LÓÐAMÖRKUM

Vanda þarf val á trjágróðri og trjám í görðum. Hávöxnum trjám má ekki planta nær lóðamörkum en 4 metra. Svæði yfir götum, gangstéttum og stígum þarf að vera laust við greinar af trjá- og runnagróðri til að hindra ekki umferð gangandi eða hjólandi.

UMFERÐ HUNDA OG KATTA 2017



ORÐSENDING TIL HUNDA- OG KATTAEIGENDA

Að gefnu tilefni vill umhverfisnefnd ítreka að frá og með 1. maí til 15. júlí er með öllu óheimilt að vera með hunda á þeim svæðum sem tilgreind eru á þessu korti. Kattaeigendur eru hvattir til að setja á þá bjöllu ásamt sjálflýsandi ól og halda þeim frá þessum svæðum sé þess nokkur kostur. Þetta er vegna varpfugla.

HUNDABANN GILDIR Í GRÓTTU ALLT ÁRIÐ

LAUSAGANGA HUNDA ER **ALGERLEGA BÖNNUÐ** Á SELTJARNARNESI

HREINSUN Á GARÐAÚRGANGI HELGINA 6. - 7. MAÍ

Þessa helgi gefst bæjarbúum kostur á að setja trjágreinar og jarðvegsúrgang í gáma sem staðsettir verða:

- SMÁBÁTAHÖFN
- LINDARBRAUT (AÐ NORÐAN)
- ÁHALDAHÚSI
- BÍLAPLANI SÆBRAUT 2

SÝNUM GOTT FORDÆMI OG VERUM UMHVERFISVÆN